

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins og Marínó G. Njálsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Hagsmunasamtökum heimilanna, Viðskiptaráði Íslands, Ríkisendurskoðun, Samtökum atvinnulífsins, Félagi eldri borgara og Alþýðusambandi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tilgreindum viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta sem koma til framkvæmda á árinu 2009 vegna tekna og eigna frá árinu áður. Er því um að ræða afturvirka aðgerð sem er ívilnandi og gerð til að létta fjárhagsstöðu heimilanna.

Á fundum nefndarinnar var rætt um heildarkostnað vegna frumvarpsins og hvernig ríkissjóður mundi standa undir honum. Þá var rætt hvort aðrar leiðir hefðu verið æskilegri til að ná markmiðum þess. Fram komu sjónarmið um að frumvarpinu væri ekki beint nægilega að stöðu þeirra heimila sem verst væru stödd í fjárhagslegu tilliti, t.d. þeirra sem tekið hefðu húsnæðislán í erlendum gjaldeyri og þeirra sem þola hefðu mátt atvinnumissi.

Nefndin bendir á að umsagnir sem henni bárust eru almennt jákvæðar. Þó komu fram ábendingar um að róttækari aðgerða væri þörf til bjargar heimilunum og í því sambandi vísað til nýlegrar úttektar Seðlabanka Íslands um áhrif fjármálakreppu á efnahag heimilanna. Nefndin tekur fram að nú þegar hefur verið gripið til margháttadra aðgerða í þágu heimilanna og mörg önnur úrræði eru til meðferðar hjá Alþingi.

Nefndin leggur til að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið að viðmiðunarhlutfall þeirrar fjárhæðar sem draga skal frá vaxtagjöldum af samanlögðum tekjuskattsstofni hækki úr 6% í 7,5%. Leggur nefndin til að hámarksbætur hækki um 55% í stað 25% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Hámarksupphæð greiddra vaxta helst óbreytt í lögum um tekjuskatt. Álitinu fylgir yfirlit um áhrif þessarar breytingar á vaxtabætur eftir tekjubilum sem unnið var af tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Nefndin bendir á að samanlagt munu þessar breytingar ekki hafa í för með sér viðbótarútgjöld í formi vaxtabóta fyrir ríkissjóð, heldur er þeim ætlað að gera frumvarpið markvissara, þannig að viðbótarvaxtabætur skili sér fyrst og fremst til tekjulægri fjölskyldna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Við löggin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skal viðmiðunarhlutfall þeirrar fjárhæðar sem draga skal frá vaxtagjöldum vera 7,5% við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna og eigna á árinu 2008.

2. Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. másl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunar-
fjárhæðir, sem þar eru tilgreindar, vera 294.433, 378.663, 486.908 og 1.073 við ákvörð-
un vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna og eigna á árinu 2008.

Pétur H. Blöndal og Ólöf Nordal skrifa undir álitid með fyrirvara.
Gunnar Svavarsson og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og styður álitid.

Alþingi, 24. mars 2009.

Björgvin G. Sigurðsson,
form., frsm.

Pétur H. Blöndal,
með fyrirvara.

Ellert B. Schram.

Árni Þór Sigurðsson.

Jón Bjarnason.

Ólöf Nordal,
með fyrirvara.

Helga Sigrún Harðardóttir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið, tekju- og lagaskrifstofa.
(Mars 2009.)

Áhrif breytinga á vaxtabótum eftir tekjubílum								
Árstölur 2008, kr.								
Tekjur	Núv. kerfi	Stofn til vaxtabóta		Núv. kerfi	Vaxtabætur		Áhrif á vaxtabætur	
		Hjón			Hjón		Hjón	
		Frv. 1	Frv. 2		Frv. 1	Frv. 2	Frv. 1	Frv. 2
3.000.000	721.158	920.000	875.000	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
3.500.000	691.158	890.000	837.500	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
4.000.000	661.158	860.000	800.000	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
5.000.000	601.158	800.000	725.000	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
6.000.000	541.158	740.000	650.000	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
7.000.000	481.158	680.000	575.000	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
8.000.000	421.158	620.000	500.000	314.134	392.668	486.908	78.534	172.774
9.000.000	361.158	560.000	425.000	314.134	392.668	425.000	78.534	110.866
10.000.000	301.158	500.000	350.000	301.158	392.668	350.000	91.510	48.842
11.000.000	241.158	440.000	275.000	241.158	392.668	275.000	151.510	33.842
12.000.000	181.158	380.000	200.000	181.158	380.000	200.000	198.842	18.842
13.000.000	121.158	320.000	125.000	121.158	320.000	125.000	198.842	3.842
14.000.000	61.158	260.000	50.000	61.158	260.000	50.000	198.842	-11.158
15.000.000	1.158	200.000	0	1.158	200.000	0	198.842	1.158
16.000.000	0	140.000	0	0	140.000	0	140.000	0

Forsendur:

Íbúðarskuldir í árslok	22.000.000	22.000.000	22.000.000
Greidd vaxtagjöld	1.100.000	1.100.000	1.100.000
Nettóeign í árslok	11.000.000	11.000.000	11.000.000
Hámarksvaxtagjöld	901.158	1.126.448	1.126.448
Hámarksvaxtabætur	314.134	392.668	486.908